

Miðvikudaginn 20. desember 1995.

Nr. 202/1994.

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Sigríði O. Malmberg

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðir. Slysatrygging ökumanns. Líkamstjón. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1994 og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 110.000 krónum með einföldum ársvöxtum frá 10. október 1990 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 14. júní 1994. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi greiði sér 823.000 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 10. október 1990 til 16. janúar 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa báðir aðilar lagt nýja líkindareikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings um örorkutjón gagnáfrýjanda, gerða 2. nóvember 1994, 29. júní og 11. desember 1995.

Svo sem í héraðsdómi greinir, höfðar gagnáfrýjandi mál þetta til greiðslu örorku- og miskabóta vegna hálstögnunar, sem hún hlaut, er hún ók bifreið sinni aftan á aðra bifreið. Aðaláfrýjandi viðurkennir bótaskyldu sína á grundvelli ökumannstryggingar 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ágreiningur er um hæfilegar bætur og vexti.

Undir rekstri málsins í héraði fóru aðilar þess sameiginlega á leit við lækna Ragnar Jónsson og Sigurð Thorlacius, með matsbeiðni 6. október 1993, að þeir létu í té rökstutt álit um eftirtalið:

1. Hvort tímabært væri að meta örorku gagnáfrýjanda af völdum umferðarslyssins 10. október 1990, og ef ekki, hvenær ætla mætti, að það yrði tímabært.

2. Teljist örorkumat tímabært, er spurt:

a) Hver sé raunveruleg tímabundin og varanleg skerðing af völdum slyssins á getu gagnáfrýjanda til að afla sér vinnutekna, þegar litið sé til menntunar hennar, starfa, kunnáttu og þeirra kosta, sem hún eigi til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hún starfi við, eða með öðrum orðum, hver sé fjárhagsleg örorka hennar af völdum slyssins.

b) Hver sé tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda, metin í hundradshlutum.

3. Hvort önnur slys eða sjúkdómar eigi þátt í örorku gagnáfrýjanda, og kanni læknarnir fyrri sjúkrasögu hennar með það í huga.

Læknarnir skiluðu mati sínu 8. nóvember 1993, og er í héraðsdómi greint frá meginefni þess. Í niðurstöðu er svar læknanna, að tímabært sé að meta nú þegar örorku gagnáfrýjanda og að fjárhagsleg örorka sé 100% í þrjár vikur eftir slysið, en síðan engin, með þessari skýringu: „Er þá gengið út frá því, að hún haldi áfram að stunda það starf, sem hún hefur nú stundað, og þar sem ekki er gert ráð fyrir versnun á einkennum, þegar fram líða stundir, gerum við ráð fyrir óbreyttri vinnu, óbreyttum vinnustað og óbreyttri vinnugetu og þar með engri varanlegri fjárhagslegri örorku af völdum slyssins.“ Tímabundna læknisfræðilega örorku mátu þeir í þrjár vikur 100%, en varanlega 20%, þar af 5% vegna afleiðinga þessa slyss. Fyrir héraðsdómi sagði Ragnar Jónsson læknir, að hann teldi gagnáfrýjanda geta unnið yfirvinnu eftir sem áður, en ekki erfiðisvinnu og ekki framreiðslustörf, sem hún hætti vegna fyrra slyss. Sigurður Thorlacius læknir tók undir þetta og sagði einnig, að það tjón, sem þarna væri um að ræða, reiknaðist fremur sem miski en fjárhagslegt tjón.

Matsgerð læknanna í máli þessu er fullgilt sönnunargagn, og hæfi þeirra til að láta í té álit um það, sem um var beðið, verður ekki dregið í efa.

Þegar litið er til sönnunargagna í málinu og einkum til hins lága stigs varanlegrar örorku til viðbótar læknisfræðilegri örorku vegna fyrra slyss af svipuðum toga verður að telja litlar líkur á því, að afla-

hæfi gagnáfrýjanda hafi skerst til frambúðar vegna meiðsla þeirra, er hún hlaut við umferðaróhappið 10. október 1990. Verða henni því ekki dæmdar bætur vegna fjártjóns. Ljóst er þó, að hún hefur haft og hefur enn óþægindi og kostnað vegna meiðsla þessara, og er rétt að dæma henni miskabætur, sem þykja, eins og hér stendur á, hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða fjárhæð þessa ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá slysdegi til uppsögu dóms þessa, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði gagnáfrýjanda, Sigríði O. Malmberg, 300.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1990 til uppsögu þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1994.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 1. þ. m., hefur Sigríður O. Malmberg, Otrateigi 6, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Reykjavík, til greiðslu vátryggingarfjár, skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hún varð fyrir 10. október 1990, en þá ók hún bifreið sinni, HN 154, aftan á bifreiðina R 33778 við umferðarljós á mótum Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík. Stefnandi var 58 ára á slysdegi. Hún fékk hálstagnun af völdum árekstrarins, og var henni metin 5% örorka varanlega, en áður hafði hún lent í slysi 15. september 1985 og hlotið örorku vegna hálstagnunar, sem var metin 15% varanlega. Tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda vegna varanlegrar örorku á slysdegi 12. desember 1991 samtals á 540.600 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 32.400,00 kr. Stefnandi krefur stefnda um þessar fjárhæðir auk 250.000 kr. í miskabætur. Útreikningurinn er miðaður við tekjur Sigríðar árin 1988–1990. Stefnandi vann aðallega við framreiðslustörf fyrir fyrra slysið, en einnig við kennslu í heimilisfræðum. Eftir fyrra slysið varð hún að hætta framreiðslu, en hefur

síðan haft fullt starf sem kennari. Því starfi hefur hún haldið óskertu eftir síðara slysið, en hún telur sér erfiðara en áður að gegna því.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 823.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 278.923 kr. í málskostnað [...].

Bótakrafa er samkvæmt öllumannstryggingu, sbr. 92. gr. umfl.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu gegn greiðslu 110.000 króna með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 10. október 1990 til greiðsludags og málskostnaðar með dráttarvöxtum. Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tekjutapi og tjóns sé ekki að vænta; læknisfræðileg örorka undir 20% valdi sjaldnast nokkru tekjutapi, hvað þá 5%. Stefndi vitnar í rannsóknir, sem sýni, að 5% læknisfræðileg örorka leiði í raun ekki til neins tekjutaps. Ekki er talið líklegt, að lífeyrisréttindi muni tapast. Miskabótakrafa er talin of há; bætur fyrir miska beri að miða við verðlag á slysdagi og hafa í huga verðbótapátt vaxta. Fyrri upphafstíma dráttarvaxta en dómsuppsögudegi er andmælt og dráttarvöxtum af málskostnaði. Stefndi telur bera að leggja til grundvallar það álit matsmanna, að fjárhagsleg örorka sé engin, en stefnandi telur, að fylgja beri dómvenju og miða við mat á læknisfræðilegri örorku. Hún telur, að leggja beri til grundvallar, að möguleikar stefnanda á starfsvali, geta til að vinna yfirvinnu, aukastörf og heimilisstörf og til að „vinna sjálfri sér“ hafi skerst, auk þess sem gera megir ráð fyrir meiri fjarveru frá vinnu og aukinni uppsagnarhættu.

Sveinbjörn Brandsson, læknir á slyshadeild Borgarspítalans, telur stefnanda hafa fengið talsvert slæman slink á háls og munu væntanlega hafa einkenni áfram (vottorð 20. 10. 1991). Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda eftir fyrri slys. Hann telur einkenni hafa aukist við síðara slysið og starfsgetu hafa minnkað eitthvað. Sérstaklega telur hann óþægindi við störf hafa aukist og úthald minnkað. Hann telur örorku stefnanda hafa vaxið um 5% við síðara slysið (örorkumat 11. nóvember 1991). Ragnar Jónsson læknir og Sigurður Thorlacius læknir, sem aðilar fengu til að meta örorku stefnanda, telja stefnanda hafa hlotið aukin einkenni við síðara slysið. Þeir segja, að við skoðun hafi komið í ljós væg skerðing hálsshreyfinga og merki um festumein í hnakka með áhrifum á hnakkataugar. Svima og önnur einkenni, sem stefnandi lýsir, kveða þeir mega rekja til vöðvaspennu í hálsi og herðum. Varanlega læknisfræðilega örorku stefnanda meta þeir 20%, þar af 15% vegna fyrri slyssins. Varanlega fjárhagslega örorku telja þeir enga vegna síðara slyssins (álitsgerð frá 8. nóvember 1993).

Samkvæmt 28. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 5. gr. váttryggingarskil-

mála um slysaftryggingu ökumanns og eiganda í ökutækjaftryggingu þeirri, sem stefnandi hafði keypt af stefnda, fer um mat á tjóni og ákvörðun bóta að hætti Íslenskrar dómvenju á sviði skaðabótaréttar, eins og hún var fyrir gildistöku laganna.

Tjón stefnanda er fólgið í varanlegri skerðingu á getu til tekjuöflunar með vinnu, en mat á því tjóni er ótraust sökum þess, að í því felst fyrisögn um óorðna hluti. Löng dómvenja er fyrir því, að örorkutjón sé ákvarðað með hliðsjón af mati lækna á örorku, venjulega töflumati, áætlun tryggingafræðinga um vinnutekjur, sem vænta má, að tjónþoli hefði haft síðar meir án orkuskerðingarinnar, og útreikningi á vinnutekjutapi og verðmæti þess á slysdegi, byggðum á örorkumati, fram töldum tekjum fyrir slys, aldri tjónþola, starfsorkulíkum, dánarlíkum og tilteknum vaxtaforsendum. Hins vegar verður ekki talið, að þessi venja bindi hendur dómara í þeim skilningi, að örorka verði ekki sönnuð með öðru en læknisfræðilegu örorkumati eða að slíku mati verði ekki hnekk.

Þegar tryggingafræðingur áætlar tjón vegna varanlegrar örorku af völdum slyss, lítur hann til tekna hins slasaða síðustu þrjú heilu árin fyrir slys og færir þær tekjur til verðlags á útreikningsdegi. Hann styðst síðan við upplýsingar um meðalaldur og mat á varanlegri örorku í prósentum og reiknar út skerðingu teknanna miðað við, að skerðingin sé jafnmikil og hundraðshluti örorkunnar. Með þessu móti hefur hann fundið í krónum tjón á ári miðað við útreikningsdag, og hann hefur aðferðir til að áætla, í hve mörg ár hinn slasaði á eftir að vinna. Tölur um fjölda eftirlifenda styðjast við dánartíðni Íslendinga, en tölur um fjölda starfandi eftir aldri við sænska reynslu. Þessar tölur þarf síðan að afvaxta til útreikningsdags, og tekur tryggingafræðingurinn ekkert tillit til hugsanlegra launabreytinga síðar meir, en miðar við óbreytt laun. Kynferði skiptir máli í útreikningum tryggingastærðfræðinga, þannig, að til þess er litið, að konur eru almennt langlífari en karlar, en starfsævi þeirra þó ekki miklu lengri. Að því leyti, sem tekjur kvenna eru enn minni en tekjur karla, endurspeglast munur kynjanna í lægri tölum fyrir konur, þegar reiknað er út frá launatekjum þeirra fyrir slys. Þá er jafnan litið til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti, og til hagræðis af því að fá bæturnar greiddar í einu lagi auk ýmissa greiðslna og atvika, sem draga úr tjóni, og annarra atriða eftir atvikum. Þegar um líkamstjón með varanlegri örorku er að ræða, verða bætur ekki fullar, nema reynt sé að finna, til hvaða skerðingar tjónið leiðir á framtíðarlaunatekjum. Þess vegna er miðað við væntanleg laun hins slasaða, eins og þau hefðu orðið án örorkunnar. Til að slasaður maður fái fullar bætur, þarf að taka fyrir allar fjárhagslegar afleiðingar slyssins með fjárgreiðslum, en

hann á hinn bóginn ekki að hagnast fjárhagslega á slysinu. Ákvörðun læknisfræðilegrar örorku felur í sér mat á skerðingu á getu til tekjuöflunar, en það örorkumat, sem venja er að nota í dómsmálum, felur aðeins í sér mat á því frá læknisfræðilegu sjónarmiði, hver sé missir hins slasaða án tillits til raunverulegs starfsgetumissis. Í læknisfræðilegu mati á varanlegri örorku felast raunar líffærafræðilegir, lífeðlisfræðilegir og félagslegir þættir. Þessi ótrausti grundvöllur dregur úr gildi útreikninga tryggingafræðinga auk óvissu um horfur, einkum vaxtaforsendur. Loks kann að vera umdeilanlegt, hvert hagræði hinum slasaða er að eingreiðslu og að hve miklu gagni skattfrelsið kemur. Í raun má oftast búast við, að slösuðum manni takist betur að girða fyrir fjárhagslegar afleiðingar slyss en örorkustig segir til um, einkum þegar um svo lágt metna örorku er að ræða sem í þessu máli.

Samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga á slasaður maður almennt auk fébóta rétt á fégjaldi fyrir miska úr hendi þess, sem ábyrgð ber á slysinu. Stundum er tekið tillit til áhrifa slyss á tómstundaiðju og lífshamingju við mat á örorku. Þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar örorkumati, sem farið er eftir við uppgjör örorkutjóns, leiða þannig til þess, að í örorkubótum felast að hluta til bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, og þarf að líta til þess við ákvörðun miskabóta. Þá þarf að líta til þess, að dráttarvextir gera mun betur en bæta missi möguleika á að ávaxta fé í vanskilum.

Vegna allra þessara óvissupátta og vandkvæða á að finna áreiðanlega mælikvarða og til að tryggja jafnræði tjónþola er höfð hliðsjón af úrlausnum um sambærileg tilvik bæði við ákvörðun bóta fyrir fjártjón og miska. Dómvenja er fyrir viðurkenningu á bótaskyldu vegna varanlegrar örorku, þótt örorkustig sé svo lágt sem hér um ræðir.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóm og útskýrt matið. Eru skýrslur þeirra samhljóða um allt, sem máli skiptir. Í þeim kemur fram m. a., að einkennin, sem leiddi af fyrra slysi, hafi verið farin að lagast, þegar Sigríður varð fyrir síðara slysi, en ýfst upp við hið síðara. Matsmenn benda á, að geta til að stunda framreiðslustörf og heimilisstörf hafi skerst við fyrra slys, og telja, að síðara slys hafi engu breytt þar um. Örorkan muni há henni við erfiðisvinnu, einkum vegna fyrra slyssins, þótt seinna slysið bæti ekki úr skák, að möguleikar stefnanda til að stunda aukastörf önnur en kennslu séu hugsanlega minni og starfsmöguleikar hennar á almennum vinnumarkaði skertir, ef hún ætti aðeins kost á erfiðisvinnu, að litlar líkur séu á, að einkenni hennar versni, fremur, að úr þeim dragi og að sá bati muni koma á móti minna þreki vegna aldurs. Kennsluskylda minnki, eftir því sem líður á starfsaldur kennara. Matsmenn kveðast hafa miðað við menntun stefnanda

og starfsreynslu og starf, sem hún stundar, eða annað sambærilegt starf. Matið á fjárhagslegri örorku er að verulegu leyti reist á umsögn stefnanda á því, til hvers hún treysti sér. Matsmenn kveða stefnanda vera duglega og þrekmikla og það hafi áhrif á matið. Hún geri það, sem hún ætli sér, og láti ekki veruleg einkenni aftra sér, haldi sínu striki þrátt fyrir heilmikil einkenni. Hugsanlegt telja þeir, að annar maður óduglegri með sömu einkenni hlyti meiri skerðingu á starfsgetu.

Þegar úr því er skorið, hvort miða beri bætur til stefnanda við skerta starfsorku, þykir verða að hafa sérstaklega í huga, að heildarörorka hennar er 20%, og er vafalaust miðað við þá afstöðu, sem fram kemur í fjölda dómsúrlausna fyrr og síðar, að sú örorka er fallin til að skerða starfsorku verulega. Sú viðbótarörorka, sem stefnandi hlaut við síðara slys, er þeim mun tilfinnanlegri sem hún leggst við örorku, sem var ærin fyrir. Verður að telja, að hún skerði enn möguleika stefnanda á að breyta um starfsvettvang og reyni enn meira á þrek hennar og dugnað, sem ætla má, að aukist ekki með aldrinum. Hún verður nú að leggja enn harðar að sér en áður við að afla sambærilegra tekna. Samkvæmt þessu verður tekið verðugt tillit til mats lækna á læknisfræðilegri örorku stefnanda, jafnframt því sem litið er til álits matsmanna á fjárhagslegri örorku. Við það viðmið verður þó að hafa í huga, að leggja verður almennari mælikvarða á líkur á tjóni en matsmenn gera. Á hinn bóginn þykir verða að hafa í huga, að ekki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi, sem nálgast nú starfslok, hafi enn orðið fyrir raunverulegri tekjuskurðingu og er í föstu starfi, sem hún getur vænst að halda ekki skemur en til starfslokaaldurs, endist henni kraftar. Stefndi telur óeðlilegt að ætla stefnanda bætur vegna missis lífeyrisréttinda og bendir á, að ekki sé líklegt, að fastar tekjur, sem lífeyrisréttindi miðast við, muni skerðast, hvað sem öðru líður. Samkvæmt framansögðu þykir mega fallast á þessi rök stefnda svo og þau, að miskabótakrafa sé of há miðað við dómvenju, en ætla má, að miski sé í raun þáttur í reiknaðri örorku. Með tilliti til hins lága örorkustigs þykir bera að fallast á það með stefnda, að rétt sé að ákveða bætur til stefnanda í einu lagi. Með hliðsjón af sambærilegum dómsúrlausnum og því, sem fram hefur komið í málinu, þykja þær hæfilega metnar 500.000 kr. auk vaxta og kostnaðar.

Krafa stefnanda er um sömu vexti og tryggingastærðfræðingurinn notar við afreikning, einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, frá slysdegi til 16. janúar 1992, þegar mánuður var liðinn frá kröfuþréfi, en dráttarvexti frá þeim tíma í samræmi við meginreglu 15. gr. vaxtalaga og engin efni til að víkja frá henni. Málskostnaður ákveðst að teknu tilliti til hagsmuna í húfi, virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar, 150.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Samkvæmt 114. gr. laga nr. 91 frá 1991 skulu dómar vera stuttir og glöggir. Í forsendum dóms skal vera stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni þess. Greina skal helstu málsástæður og réttarheimildir, sem byggt er á, og rökstyðja niðurstöðu. Dómurinn er saminn samkvæmt þessum fyrirmælum, en rétt þótti með hliðsjón af málflutningi að gera grein fyrir dómvenju, þótt úrlausnin yrði við það nokkru lengri en nauðsyn ber til.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Sigríði O. Malmberg, 500.000 kr. með 2,5% ársv. frá 10. 10. 1990 til 1. 1. 1991, með 3,5% ársv. frá þ. d. til 21. 1. 1991, með 5% ársv. frá þ. d. til 1. 6. 1991, með 6% ársv. frá þ. d. til 1. 8. 1991, með 7% ársv. frá þ. d. til 11. 10. 1991, með 4% ársv. frá þ. d. til 1. 11. 1991, með 3,75% ársv. frá þ. d. til 21. 11. 1991, með 3,5% ársv. frá þ. d. til 1. 12. 1991, með 3% ársv. frá þ. d. til 16. 1. 1992, en með dráttarvöxtum, þar með töldum vaxta-vöxtum, samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. 1. 1992 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn að ári liðnu frá upphafstíma vaxta.
